



Þroski 3 mánaða barns



Grófhreyfingar

Lyftir höfði yfir líkamshæð á grúfu og heldur því þar.

Hefur betra vald á höfði þegar haldið er á því.

Fínhreyfingar

Lófar mestmegins opnar.

Skoðar á sér hendurnar.

Sýnir áhuga þegar eitthvað er rétt að því.

Er að fá viljabundið grip.

Hreyfir hringlu sem sett er í lófann.



Samskipti

Snýr höfði að hlut, festir augun og fylgir eftir í allar áttir með augunum.

Sýnir merki þess að það þekki foreldra sína.

Fylgir fólki á hreyfingu eftir með augunum, brosir við því.

Snýr höfði í átt að hljóði við eyra.



Málþroski

Brosir og hjalar þegar talað er til þess.

Endurtekur mismunandi atkvæði t.d. íá, la, ui, gú.

Heldur uppi samræðum, þ.e. hjalar ef kjáð er framan í það. Starir á andlit.

Hlær. Skríkir af ánægju.

Blæbrigði í gráti við t.d. hungur og sársauka.